

## 9. gr.

Skipulagsskrá þessi er samþykkt á fundi styrktarmanna 14. apríl 1969, og verður henni ekki breytt nema með samþykki meirihluta skráðra styrktarmanna.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**REGLUGERÐ**

fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis, Hrunamannahreppi.

## 1. gr.

**Gildissvið.**

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði Flúða, Hellisholts, Grafar, Laxár-hlíðar og Sunnuhlíðar.

## 2. gr.

**Stjórn hitaveitu.**

Aðalfund skal halda ár hvert, eigi síðar en í marzmánuði. Stjórn sé skipuð þremur mönnum, tveir kosnir á aðalfundi árlega, en sá þriðji af hreppsnefnd Hrunamannahrepps.

Sami háttur skal á hafður um kosningu varamanna.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Endurskoðendur skulu vera tveir, annar skal vera endurskoðandi reikninga Hrunamannahrepps, en hinn kosinn á aðalfundi ár hvert. Sami háttur skal á hafður um varamenn.

Reikningsár félagsins sé almanaksárið.

Aðalfund skal boða með viku fyrirvara og er hann lögmætur ef helmingur félaganna er mættur. Verði aðalfundur ekki löglegur skal boða aftur til fundar innan mánaðar og er hann lögmætur án tillits til fundarsóknar.

## 3. gr.

**Einkaleyfi hitaveitu.**

Hitaveita Flúða og nágrennis hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni á byggðasvæði Flúða, svo og eftir sérsamningum hverju sinni utan byggðasvæðisins.

## 4. gr.

**Dreifikerfi og dælustöð.**

Hitaveitan lætur byggja stofn og dreifiaðar inn fyrir húsvegg.

## 5. gr.

**Viðhaldsskylda.**

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfi sínu. Notanda er óheimilt að gera lagnir óaðgengilegar til eftirlits eða viðgerða.

## 6. gr.

**Ábyrgð hitaveitu.**

Hitaveitan er ekki bótaskyld, þótt notendur verði fyrir tjóni vegna frosta, ófullnægjandi hita eða vegna rafmagstruflana, breytinga á hverum eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum. Þá er hitaveitan ekki bótaskyld, þótt tjón verði á mönnum, munum, eða eignum frá hitalögnum innanhúss.

## 7. gr.

**Umsóknir.**

Húseigendur og aðrir, sem óska að gerast notendur hitaveitunnar, skulu áður en framkvæmdir hefjast við að leggja dreifikerfi veitunnar, senda stjórn hennar skriflegar umsóknir um aðild að veitunni ásamt upplýsingum um vatnsmagn það, sem þeir óska að fá, svo og um stærð húsa.

Nýir notendur og þeir, sem óska eftir að fá fram breytingu á vatnsmagni sínu, eftir að lagningu upphafslegs dreifikerfis er lokið, skulu og senda umsóknir þar um, til stjórnar hitaveitunnar. Stjórnin getur tekið sér frest, allt að einu ári, til að verða við beiðni, ef hún hefur í för með sér verulegar breytingar á dreifikerfi veitunnar.

## 8. gr.

**Dælur.**

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar. Við innanhúskerfi þarf leyfi stjórnar hitaveitunnar til notkunar á dælum, sem tengjast kerfi veitunnar.

## 9. gr.

**Um notkun vatns.**

Enginn getur haldið réttindum til vatns, án þess að nýta það, þó stofngjald hafi verið greitt af því, lengur en í fjögur ár án þess að greiða afnotagjöld.

Ekki hafa kaupendur vatns rétt til að endurselja, gefa eða leigja öðrum það vatn, sem þeir hafa umráð yfir. Hámark á vatni til hvers býlis skal vera tveir og hálfur sek.l. að öðru leyti fer það eftir mati stjórnar hitaveitunnar hverju sinni.

Stjórn hitaveitunnar hefur rétt til þess að kveða nánar á um nýtingu heita vatnsins og ákveða hámarkshitastig frárennslisvatns, þó þannig að mörkin liggja á milli 40° C og 60° C.

## 10. gr.

**Takmörk hitanotkunar.**

Hitaveitan getur fyrirskipað takmörkun á hitanotkun, ef hún telur það nauðsynlegt. Hitaveita hefur rétt til að loka fyrir hita vegna viðgerða, en full hitagjöld ber að greiða, þótt að notandi hafi orðið fyrir lokun af slíku.

## 11. gr.

**Viðurlög.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að krónum þrjátíu þúsund, nema að þyngri refsing liggja við að lögum. Mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er samín og samþykkt af stjórn Hitaveitu Flúða og nágrennis, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1953 um hitaveitur utan Reykjavíkur, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1969.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar, nr. 21 26. janúar 1968.**

Hreppsnefnd er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskránni um allt að 20%.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi.

*Atvinnumálaráðuneytið, 30. apríl 1969.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Selfoss.

### I. RAFORKA

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### A. Lýsing.

11. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
  - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
  - b. Orkugjald ..... 8.00 kr./kwst.
12. Til almennrar lýsingar um kwst.mæli:
  - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
  - b. Fastagjald af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal:
 

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur .....	40.00 kr./m <sup>2</sup> á ári.
Fyrir ganga og geymslur .....	16.00 kr./m <sup>2</sup> á ári.
  - c. Orkugjald ..... 2.40 kr./kwst.
13. Til götulýsingar um kwst.mæli:
  - a. Mælisleiga samkvæmt kafla II.
  - b. Orkugjald ..... 2.40 kr./kwst.

og annast þá rafveitan rekstur lýsingarkerfisins.